



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2019

1911195/0.4.1/lrs

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi (389. mál)

Með tölvupósti, dags. 28. nóvember 2019, gaf allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis embætti landlæknis kost á að senda inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur). Embættið þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að gefa álit sitt á framangreindu frumvarpi.

Embætti landlæknis fagnar því að frumvarpið líti nú dagsins ljós og að með samþykki þess verði leidd inn í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2013/55/EB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi o.fl. Verða nú nefnd fáein atriði sem lúta að ákvæðum frumvarpsdraganna og embættið telur ástæðu til að vekja athygli á.

Samkvæmt því sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins skulu einstaklingar sem fá viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi búa yfir nauðsynlegri tungumálakunnáttu til að geta lagt stund á starfið á Íslandi. Í c-lið 5. gr. er kveðið á um að við 2. mgr. 5. gr. gildandi laga bætist við ákvæði er mælir fyrir um heimild stjórnvalds til þess að krefjast yfirlýsingar um nauðsynlega íslenskukunnáttu umsækjanda ef um er að ræða starf sem varðar öryggi sjúklinga og kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Landlæknir fagnar því að kveðið verði á um heimild til þess að setja tungumálakunnáttu sem skilyrði fyrir viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Mikilvægt er að stoð fyrir slíkri kröfu sé að finna í lögum en ekki reglugerð eingöngu, líkt og nú. Brýnt er að umsækjendur sem hyggjast starfa hér á landi við starfsgrein, þar sem öryggi sjúklinga er í húfi, búi yfir kunnáttu í íslensku.

Í a-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að umsækjandi geti valið milli þess að sækja um evrópskt fagskírteini eða að sækja um viðurkenningu eftir hefðbundnum leiðum við komuna til Íslands. Eins og staðan er í dag geta aðeins hjúkrunarfræðingar, lyfjafræðingar, sjúkraþjálfarar, fjallaleiðsögumenn og fasteignasalar sótt um slíkt skírteini. Hinar þrjár fyrstnefndu stéttir lúta allar eftirliti landlæknis og mun embættið afgreiða umsóknir þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem sækja um slíkt skírteini hér á landi.

Í frumvarpinu er enn fremur að finna skyldu lögbærra stjórnvalda til að senda öðrum aðildarríkjum viðvaranir er varða agaviðurlög eða dóma fyrir saknæmt athæfi sem umsækjandi hefur hlotið og getur haft áhrif á störf, m.a. í heilbrigðisþjónustu, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða ríkari eftirlitsskyldu en áður hefur verið kveðið á um í lögum og reglugerðum og gert er ráð fyrir að upplýsingarnar verði gefnar í gegnum sérstakt tilkynningarkerfi vegna heilbrigðisstarfsmanna.

Embætti landlæknis bendir á að samkvæmt upplýsingum frá systurstofnunum embættisins á Norðurlöndunum berst gríðarlega mikið magn upplýsinga í gegnum tilkynningakerfið á ári hverju. Samráðshópur Norðurlandanna hefur lýst yfir nokkrum áhyggjum vegna þessa. Vakin hefur verið athygli á því að tilkynningakerfi framkvæmdastjórnarinnar (IMI) sé alls ekki notendavænt og vegna umfangsins hafi ekki alltaf verið unnt að yfirfara allar viðvaranir. Sem dæmi um framangreint þá hafa sænsk stjórnvöld móttengið yfir 14.000 og dönsk stjórnvöld yfir 30.000 viðvaranir á síðustu þremur árum (sbr. upplýsingar frá því í júní 2019).

Ljóst er að verkefnum embættis landlæknis mun fjölga umtalsvert vegna framangreindra ákvæða er varða útgáfu evrópska fagskírteinisins og tilkynningarskyldu stjórnvalda. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur verið gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessa geti numið allt að 25 milljóna króna en honum verði mætt með viðbót við fjárhagsramma embættis landlæknis. Bent er á að gera má ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna námskeiðahalda starfsmanna en fyrir liggur að starfsmenn þurfi að afla sér aukinnar þekkingar vegna notkunar á tilkynningarkerfi fyrir heilbrigðisstarfsmenn sem og útgáfu evrópska fagskírteinisins.

Virðingarfyllst,



Alma D. Möller
landlæknir



Lilja Rún Sigurðardóttir
lögfræðingur

Reykjavík 12. desember 2019

Velferðarnefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur)

Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við framkomid frumvarp sem að ofan greinir.

Kröfur um tungumálakunnáttu heilbrigðisstarfsmanns sem fær viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

Í 5. gr. frumvarpsins lið c. er nýr stafliður þar sem krafist er yfirlýsingar um nauðsynlega íslenskukunnáttu umsækjanda ef um er að ræða starf sem varðar öryggi sjúklinga og kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Fíh telur mikilvægt að krefjast ákveðinnar lágmarkskunnáttu heilbrigðisstarfsmanna í íslensku til að tryggja öryggi sjúklinga.

Fíh gerir því tillögu um að nánar verði kveðið á um lágmarkskröfur um íslenskukunnáttu heilbrigðisstarfsmanna sem sækja um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi í reglugerð sem vísað er til í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að reglugerð nr. 461 frá 12. apríl 2011 verði endurskoðuð og uppfærð í samræmi við ný lög.

Tillaga Fíh:

Í reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmannatil frá öðrum EES ríkjum standi:

28. gr. Tungumálakunnátta.

Heilbrigðisstarfsmaður sem fær starfsleyfi eða sérfræðileyfi hér á landi eða sem hefur í hyggju að inna af hendi þjónustustarfsemi, tímabundið eða með hléum skv. IV. kafla skal búa yfir þeirri tungumálakunnáttu sem nauðsynleg er til að geta lagt stund á starfsgreinina með viðundandi hætti hér á landi. *Íslenskukunnátta heilbrigðisstarfsmanns skal að lágmarki miða við að heilbrigðisstarfsmaður standist kröfur B1 í skilningi, talmáli og skriftum, samkvæmt samevrópska matsrammanum fyrir tungumál.*

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Pálsdóttir

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



FÉLAG
ÍSLENSKRA
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
1919 - 2019

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími: 540 6400
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is



Reykjavík, 19.12.2019

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn Félags sjúkraþjálfara um frumvarp til breytinga á lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi – mál nr. 389

Félag sjúkraþjálfara hefur farið yfir frumvarp að breytingum á lögum nr. 26/2010 og gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Félag sjúkraþjálfara bendir hins vegar á að mikilvægt er að leitað verði ráðgjafar félagsins og námsbrautar í sjúkraþjálfun við HÍ, þegar boðuð reglugerð sem fylgja á frumvarpinu verður samin (5. gr. d). Störf sjúkraþjálfara snúa að lýðheilsu og almannaöryggi, og því brýnt að þeir sjúkraþjálfarar sem hingað til lands koma til starfa uppfylli þau ströngu menntunar- og hæfisskilyrði sem íslensk menntaðir sjúkraþjálfarar uppfylla.

Fh. Félags sjúkraþjálfara
Unnur Pétursdóttir
Formaður Félags sjúkraþjálfara

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2020.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur). 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 522 – 389. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur). Félagsráðgjafar eru ein þeirra fagstétta sem lögin ná til. Nám í félagsráðgjöf er afar mismunandi milli landa og því þarf að tryggja að umsækjendur um starfsleyfi í félagsráðgjöf uppfylli ákveðin skilyrði. Félagið leggur áherslu á að gera þarf kröfur til félagsráðgjafa um menntun og faglega hæfni til að tryggja gæði félagsráðgjafar. Hér á landi er krafa um meistaraþróf í félagsráðgjöf frá félagsráðgjafardeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands til að hljóta starfsleyfi sem félagsráðgjafi.

Í frumvarpinu eru að finna mikilvægar breytingar er varða starfsleyfi þeirra sem ljúka félagsráðgjafarnámi og öðru fagnámi erlendis. Fyrst ber að nefna nýtt ákvæði sem kemur fram í 3. mgr. 2. gr. b. *Einstaklingar sem fá viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skulu búa yfir nauðsynlegri tungumálakunnáttu til að geta lagt stund á starfið á Íslandi sem er grundvallaratriði til að geta starfað sem félagsráðgjafi á Íslandi.* Einnig er mikilvæg ný málsgrein sem kemur fram í 2. mgr. 3. gr. c. *Lögbærum stjórnvöldum er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir uppbótarráðstafanir, hæfnisþróf eða aðlögun ef menntun hans eða starfsreynsla er verulega frábrugðin því sem krafist er hér á landi.* Það á sannarlega við um félagsráðgjöf þar sem námið er afar mismunandi milli landa. Þá ber að nefna nýja málsgrein sem bætist við, sjá 5. gr. d. *Stjórnvaldi er heimilt að kanna faglega menntun og hæfi umsækjanda áður en þjómusta er veitt í fyrsta skipti ef starfið varðar lýðheilsu og almannaoýggi og nýtur ekki sjálfkrafa viðurkenningar.* Nánari ákvæði um könnun á faglegri menntun og hæfi skal setja í reglugerð. Mikilvægt er að reglugerðarákvæði fylgi. Félagið getur einnig tekið undir þá breytingu sem kemur fram í 6. og 7. gr.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður

	<i>Mennta- og menningarmálaráðuneytið</i>	
	<i>Minnisblað</i>	

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**

Sendandi: **Skrifstofa mennta- og vísindamála; skrifstofa laga og stjórnýslu**

Dagsetning: **17.01.2020**

Málsnúmer: **MMR19070099**

Bréfalykill: **3.26**

Tilgangur:

Mikilvægi:

Berist til:

Efni: **Viðbrögð við umsögnum um frumvarp að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar.**

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar hinn 15. janúar 2020 var farið fram á það við mennta- og menningarmálaráðuneytið að það brygðist við athugasemdum sem borist hafa vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

Hér á eftir fer umfjöllun um umsagnir sem hafa borist allsherjar- og menntamálanefnd vegna frumvarpsins.

1. Umsögn frá Embætti Landlæknis.

Embætti landlæknis fagnar framlagningu frumvarpsins og einkum ákvæði því í 2. gr. er kveður á um að þeir sem fá viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis hér á landi skuli búa yfir nauðsynlegri tungumálakunnáttu til þess að stunda starfið hér. Í umsögn Landlæknis kemur fram sá misskilningur að tungumálakunnátta sé skilyrði viðurkenningar. Svo er ekki. Gert er ráð fyrir að kunnátta í íslensku sé könnuð eftir að viðurkenning er veitt eins og nánar verður kveðið á um í reglugerð sem sett verður með stöð í lögum.

2. Umsögn Félags ísl. hjúkrunarfræðinga.

Í umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er gerð bein tillaga um tiltekið stig íslenskukunnáttu sem verði áskilin hjá heilbrigðisstarfsfólki og er miðað við stig B1 í skilningi, talmáli og rituðu máli samkvæmt samevrópska tungumálarammanum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur að slík ákvæði sé eðlilegt að setja í þá reglugerð sem sett verður í framhaldi af samþykkt laganna og lýtur sérstaklega að heilbrigðisstarfsfólki. Kemur það því í hlut heilbrigðisráðuneytis að taka afstöðu til þessarar tillögu.

3. Umsögn frá Félagi sjúkraþjálfara.

Félag sjúkraþjálfara kemur á framfæri ósk um að samráð verði haft við félagið við setningu reglugerðar sem vísað er til í frumvarpinu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur að hér sé vísað til framangreindrar reglugerðar sem heilbrigðisráðuneytið mun setja.

4. Háskóli Íslands, námsbraut í sjúkraþjálfun.

Námsbraut í sjúkraþjálfun skilar inn umsögn þar sem gerðar eru tillögur um breytingar sem virðast einkum eiga við um stétt sjúkraþjálfara. Í lagafrumvarpi sem er almenns eðlis er ekki unnt að kveða sérstaklega á um tiltekna

málsmeðferð fyrir ákveðnar starfsstéttir. Þó er rétt að nefna að Landlæknir mun fara yfir og afgreiða umsóknir um evrópsk fagskírteini fyrir heilbrigðisstéttir og mun jafnframt taka ákvarðanir um í hvaða tilvikum veiting takmarkaðrar viðurkenningar er viðeigandi. Slíkt gerist ekki sjálfkrafa.

5. Umsagnir iðnaðarmannafélaga.

Í umsögn nokkurra iðnaðarmannafélaga kemur fram sá misskilningur að markmið lagasetningarinnar sé að gera iðnmenntun hærra undir höfði. Mennta- og menningarmálaráðuneyti telur að slík markmið falli undir lög um framhaldsskóla og eðlilegt að þeim sé haldið til haga þar. Einnig er lýst áhyggjum af því að með auknu gagnsæi sem stefnt er að með innleiðingu tilskipunar 2013/55/ESB sé verið að gefa afslátt af kröfum um menntun og starfsreynslu. Engin slík áform má lesa út úr fyrirliggjandi frumvarpi. Ákvæði um viðurkenningu vinnustaðþjálfunar á eingöngu við um nemendur sem eiga að geta fengið þjálfun sem þeir öðlast í öðru EES-ríki viðurkennda. Samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 hafa nemendur heimild til þess að starfa í löggilttri iðn meðan þeir stunda nám sitt. Að viðurkenna slíka starfsþjálfun sem stunduð er í öðru EES-ríki getur ekki talist brjóta gegn íslenskum lögum.

6. Umsögn frá Þjóðskrá.

Ábending Þjóðskrár Íslands lýtur að ábyrgð á vefnum island.is og tengist greinargerðinni með frumvarpinu, en snertir ekki sjálfan lagatextann.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr.26/2010, með síðari breytingum (EES reglur).

Varðar 389. mál á 150. Löggjafarþingi; Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi (EES-reglur).

Hér koma athugasemdir frá **Námsbraut í sjúkraþjálfun**, Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Athugasemdirnar taka mið af sjúkraþjálfun. Kristín Briem og Þjóðbjörg Guðjónsdóttir rita, f.h. starfsmanna námsbrautar, dags.19.desember, 2019. Almenn má segja að athugasemdir varði mat umsókna um starfsleyfi sem sjúkraþjálfari á Íslandi og mikilvægi þess að slíkt mat fari fram fyrir einstakar umsóknir vegna mismunandi menntunarstigs og mismikillar ábyrgðar í starfi sjúkraþjálfara í Evrópu.

Breytingar á 1.gr. laganna, engin athugasemd.

Breytingar á 2.gr. laganna, liður b. Hér er lagt til að bæta við fjórum málsgreinum. Sjá athugasemd fyrir hverja málsgrein.

- Starfssvið og -ábyrgð sjúkraþjálfara er mjög mismunandi milli landa og því getur munur á menntunarstigi verið gríðarlegur milli Evrópulanda. Því verður ætíð mikilvægt að meta umsóknir um starfsleyfi sem sjúkraþjálfari á Íslandi, þar sem menntunarstig er hátt og fagleg ábyrgð mikil.
- Sameiginlegar menntunarkröfur eru ekki til staðar fyrir Evrópu, og ekki samræmd lokapróf fyrir sjúkraþjálfun. Hugsanlega mætti tilgreina þær starfsgreinar sem hafa slíka samræmingu í Evrópu.
- Ljóst þarf að vera hver sú tungumálakunnátta er (nægir enska?), að kröfum um tungumálakunnáttu verði haldið til streitu, og þá hvernig.
- Ákvæði um skilyrði viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi þurfa að vera skýr í reglugerð, og þess skal gæta að samráð sé haft við fulltrúa háskólans (sbr. núverandi nefnd um starfsleyfi sjúkraþjálfara á vegum Embættis Landlæknis) og fagfélags.

Breytingar á 3.gr. laganna.

Tveir málsliðir bætast við fyrstu málsgrein: Varðandi val milli þess að sækja um evrópskt fagskírteini eða sækja um viðurkenningu eftir hefðbundnum leiðum, bendum við á vandkvæði þessu tengt vegna mjög ólíkrar menntunar og starfa milli landa. Það yrði alltaf að fara yfir hæfi hvers umsækjanda um starfsleyfi í sjúkraþjálfun.

Ný málsgrein á eftir 3.mgr. er illa skilgreind og í ljósi þess að almenningur hefur beint aðgengi að sjúkraþjálfara er ekki hægt að sjá fyrir sér að sjúkraþjálfari fái 'takmarkaða viðurkenningu' eða hvernig haft yrði eftirlit með slíku. Tilgreina þyrfti þær starfsgreinar sem hafa slíka takmarkaða viðurkenningu.

Við bætist málsgrein um uppbótarráðstafanir, hæfnispróf vegna verulega frábrugðinnar menntunar eða starfsreynslu. Þetta virðist vera í mótsögn við það að fólk komi hingað með evrópskt fagskírteini. Hins vegar er þessi málsgrein afar nauðsynleg fyrir sjúkraþjálfun og ljóst að það verður að meta bakgrunn og hæfi umsækjanda í hverju tilviki.

Breytingar á 4.gr.laganna.

Ekki er ljóst hvaða rök liggja að baki því að draga úr kröfum um starfsreynslu (úr tveimur í eitt ár af sl.10 árum í landi þar sem sjúkraþjálfun er ekki lögverndað starfsheiti). Í raun er einnig óljóst hvernig meta skuli fólk til starfa hérlendis, ef bakgrunnurinn er slíkur. Ef átt er við að menntun og upprunalegt starfsleyfi hafi farið fram í landi þar sem greinin er lögvernduð og með svipuðum hætti og á Íslandi þyrfti það að koma skýrt fram.

Breytingar á 5.gr.laganna.

- a. Sjá athugasemd hér að ofan vegna 4.gr.
- b. Engin athugasemd.
- c. Eins og komið hefur fram hér að ofan þarf að halda til streitu kröfum um tungumálakunnáttu. Hér kemur þó fram krafa um íslenskukunnáttu. Krafa um ákveðna lágmarkskunnáttu í tungumáli gestalands hjá heilbrigðisstéttum er skýr í nágrannalöndum okkar.
- d. Þessi málsgrein er mjög mikilvæg fyrir starf sjúkraþjálfara, enda varðar það lýðheilsu og öryggi almennings.

Breytingar á 6.gr.laganna.

Þessi grein er mikilvæg og Embætti landlæknis hlýtur að óska eftir viðeigandi upplýsinum vegna veitingu starfsleyfis á Íslandi.

Breytingar á 7.gr.laganna.

Engin athugasemd

Breytingar á 8.gr.laganna.

Góð grein, enda tímafrekt að fara yfir umsóknir til að meta menntun og starfshæfi umsækjenda.

Breytingar á 10.gr.laganna, um innleiðingu tilskipunarinnar. Engar athugasemdir en það virðist sem 9 og 10 grein séu settar saman í eina.

Í greinargerð 3.1. er efni um evrópskt fagskírteini og í því samhengi er mjög mikilvægt að tryggja það að farið verði yfir umsóknir um starfsleyfi starfsgreina sem líkt og sjúkraþjálfun er með misjafna menntun og starfsskyldur milli landa. Tryggja þarf að hægt verði að vísa umsóknum frá á grundvelli ófullnægjandi menntunar, eða krefja umsækjendur um að gangast undir uppbótarráðstafanir, aðlögunartíma eða hæfnipróf, eftir því sem við á.

Í greinargerð 3.2. er rædd heimild stjórnvalda til að veita takmarkaða viðurkenningu til starfa, en í tilviki sjúkraþjálfunar virðist þetta ómögulegt og því mætti tilgreina þær starfsstéttir sem hugsanlega gætu útfært slíkan möguleika.



KLIPP
Félag hársnyrtisveina
KLIPP



Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, dags. 19. desember 2019

Efni: Umsögn iðnaðarmannafélaganna um mál nr. 389.

Undirrituð iðnaðarmannafélög hafa farið yfir frumvarp til laga um breytingar á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum, mál nr. 389 og eru helstu niðurstöðu eftirfarandi:

Iðnaðarmannafélögin benda á, að mikilvægt sé við breytingu laganna og innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins númer 2013/55/ESB, að tekið sé mið af sérstöðu Íslands hvað varðar fólksfjölda. Gerir fámennið það að verkum að sú sérhæfing sem finna má að meðal iðnaðarmanna erlendis er ekki til staðar hér á landi í eins ríkum mæli. Þá telja félögin mikilvægt að víkja hvernig frá kröfum um menntun og starfsreynslu hvað varðar viðurkenningu á menntun. Eitt af markmiðum við endurskoðun löggjafarinnar ætti að vera, að gera iðnmenntun hærra undir höfði og þannig tryggja fagmennsku í þágu öryggis og neytendaverndar. Þá telja iðnaðarmannafélögin það mikilvægt að þeirra aðkoma að slíkri endurskoðun sé á fyrstu stigum þess enda ljóst að þar liggur sérfræðipækning á því málefni sem lögin taka til.

Eitt af markmiðum frumvarpsins er að auka gagnsæi og hraða afgreiðslu mála þegar sótt er um viðurkenningu til starfa á EES-svæðinu með útgáfu fagskírteina, með takmarkaðri viðurkenningu á menntun umsækjanda þegar annars væri umsókn hafnað og með því skilgreina sameiginlegar menntunarkröfur eða lokapróf fyrir einstakar starfsgreinar sem munu gilda á Evrópuvísu. Iðnaðarmannafélögin fagna því að gera eigi íslenskum iðnaðarmönnum auðveldara að fá viðurkennda menntun sína og stuðla að ríkari möguleikum á því að vinna innan EES svæðisins. Þessu markmiði hér á landi má þó ekki ná með því að gefa afslátt af kröfum um menntun og starfsreynslu og þá verður af hafna lögfestingu á rétti til viðurkenningar á hluta af íslenskum lögvernduðum iðngreinum. Fámenni Íslendinga gerir það að verkum að lögverndaðar iðngreinar eru í flestum tilfellum yfirgrípsmeiri sé horft á nám eða starfsreynslu í nágrannalöndum okkar. Af því leiðir að lögverndaðar iðngreinar eru með ítarlegt nám á breiðum grunni sem gera viðkomandi kleift að starfa við fjölmörg störf sem falla undir viðkomandi lögverndaða iðn. Eru því aðstæður hér á landi ekki samanburðarhæfar við þau lönd sem við allajafnan berum okkur saman við, hvað þetta varðar.

Um vinnustaðapjálfun í öðru EES-ríki vegna aðgengi að lögvernduðu starfi segir að aðildarríkjum verði skylt að viðurkenna starfspjálfun sem aflað hefur verið í öðru EES-ríki. Iðnaðarmannafélögin gera athugasemdir við þetta og benda á að skv. gildandi iðnaðarlögum nr. 42/1978, að þá felur það í sér brot á lögnum að stunda handiðnað án réttinda. Í þessu samhengi verður að benda á að breyting á lögum nr. 26/2010 má ekki fela í sér slíkar heimildir eða víkja frá kröfum um starfsreynslu í heimaríki. Að sama skapi verður hér að horfa til þess að starfsaðstæður hér á landi eru töluvert frábrugðnar öðrum löndum. Eru þær kröfur sem nú er gerðar í íslenskum lögum í takt við kröfur um öryggi og þá fagmennsku sem skiptir máli og ber að horfa til við breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun nr. 26/2010.



KLIPP
Félag hársnyrtisveina



f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Kristján Þórður Snæbjarnarson

f.h. Samiðnar

Hilmar Harðarson

Hilmar Harðarson

f.h. Félags hársnyrtisveina

Lilja Sæm

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

f.h. VM – Félags vélstjóra og
málmiðnaðarmanna

Halldór Arnar Guðmundsson

Halldór Arnar Guðmundsson

f.h. MATVÍS *skv. umboði*

Daniel K. Armanns

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson



Nefndasvið Alþingis
b.t.allsherjar- og menntamálanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. janúar 2020

Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, 389. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur), 389. mál. Tilfni frumvarpsins er innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Markmiðið með innleiðingu gerðarinnar er skv. greinargerð með frumvarpinu að „ tryggja íslenskum þegnum sem og öðrum EES-borgurum sama rétt og öðrum á Evrópska efnahagssvæðinu til starfa þar sem krafist er faglegrar menntunar og að þeir njóti góðs af þeim nýmælum sem tilskipunin felur í sér.“ Samtök iðnaðarins gera ekki athugasemdir við að tilskipunin sé tekin upp í íslenskan rétt en vilja þó árétta mikilvægi þess að tryggt sé að með engu móti sé vegið að starfs- og tæknimenntun í landinu, sem er grunnstoð iðnrekstrar í landinu.

Sú grundvallarlöggjöf sem liggur til grundvallar iðnrekstri í landinu, sem bæði er ætlað að skapa hvata fyrir einstaklinga til að sækja sér iðnmenntun og vissu fyrir neytendur um að þeir einstaklingar sem veita þjónustu á sviði handiðnaðar hafi tilskilda færni, eru iðnaðarlög nr. 42/1978. Staðan hérlendis er hins vegar sú að eftirfylgni með lögverndun iðngreina er með öllu óásættanlegt og hefur ekkert opinbert eftirlit verið til staðar í þeim tilgangi að hlúa að löggiltum iðngreinum hér á landi og neytendur hlotið skaða af.

Nátengt iðnaðarlögum eru þau lög sem nú eru til skoðunar, þ.e. lög um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010. Á grundvelli umræddra laga er erlendum ríkisborgurum í aðildarríkjum EES veitt heimild til að veita þjónustu hérlendis, m.a. á sviði lögverndaðra iðngreina, enda uppfylli viðkomandi skilyrði um faglega menntun og hæfi. Ljóst er hinsvegar að iðnmenntun er ólík á milli landa og því getur verið vandasamt að meta hvort umsækjendur uppfylli þau menntunarskilyrði sem íslensk stjórnvöld gera til sinna iðnaðarmanna. SI leggja hér áherslu á að ekki sé gefinn afsláttur af hæfisskilyrðum enda mikilvægt að íslenskir og erlendir iðnaðarmenn starfi á grundvelli sömu reglna.

Ennfremur benda SI á að vandséð er í hvaða tilvikum skilyrði 4. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB, þar sem fjallað er um takmarkaðan aðgang að starfsgrein, eigi við þegar um starfsgreinar sem falla undir iðnaðarlög er að ræða. Ber að horfa til þess að einstaklingar sem hafa færni á ákveðnu sviði sem fellur undir lögverndaðar iðngreinar geta eftir atvikum nýtt sér það úrræði að fara í raunfærnimat og þurfa því ekki að ljúka fullu námi í umræddri iðngrein.



Ennfremur er óljóst í hvaða tilvikum unnt er að aðskilja atvinnustarfsemina frá annarri starfsemi sem fellur undir hina lögvernduðu iðngrein og þá hver muni hafa eftirlit með störfum viðkomandi einstaklinga og því hvort þeir gangi inn í verk sem viðurkenningin nær ekki til. Ljóst er að ekkert slíkt eftirlit er við lýði í dag.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Björg Ásta Þórðardóttir'.

Björg Ásta Þórðardóttir,
lögmaður

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 19. desember 2019


Tilvísun DÍ: 2019111875/2.0

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur), 389. mál

Þjóðskrá Íslands vísar til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum. Hér eftir fer umsögn Þjóðskrár Íslands.

Þjóðskrá Íslands telur rétt að benda á að í 3.5. kafla greinargerðar frumvarpsins er fjallað um hlutverk Þjóðskrár Íslands þegar kemur að tenglaneti þjónustutilskipunar. Í upphafi árs 2018 færðist ábyrgð á málefnum upplýsingasamfélagsins frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. e-lið 9. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 84/2017. Í ljósi þessa hefur Þjóðskrá Íslands því ekki lengur umsjón með tenglaneti þjónustutilskipunar á Íslandi né ákvarðanavald þegar kemur að innsetningu efnis á Ísland.is heldur liggur það hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Öll ábyrgð á verkefnum Upplýsingasamfélagsins sem Þjóðskrá Íslands hafði áður umsjón með hvílir nú hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu undir umsjón verkefnastofu um stafrænt Ísland. Þannig er ekki hægt að gera kröfur á Þjóðskrá Íslands þessu tengt heldur væri það frekar gagnvart fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þjóðskrá Íslands sinnir einungis afmarkaðri þjónustu gagnvart ráðuneytinu í tengslum við Upplýsingasamfélagið og verkefni þess.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Inga Helga Sveinsdóttir
lögfræðingur